

---

## Minnisblað

Dagsetning: 2. maí 2021

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalykill: 21011462

### **Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi tillögur að opinberum sóttvarnaaðgerðum innanlands og aðgerðir í skólum vegna COVID-19 frá og með 6. maí 2021.**

---

Þann 15. apríl 2021 tóku gildi tvær reglugerðir um takmarkanir innanlands vegna COVID-19. Önnur reglugerðin (nr 404/2021) kvað á um afléttingar á takmörkunum á samkomum en hin (nr. 405/2021) um afléttingar á takmörkunum á skólastarfi. Báðar reglugerðirnar gilda til og með 5. maí 2021. Á gildistíma reglugerðanna hafa komið upp nokkrar hópsýkingar á suðvestur horni landsins þar sem að upphaf sýkinganna má rekja til ferðamanna á landamærum sem ekki héldu sóttkví og/eða einangrun. Í framhaldi af því hefur verið ráðist í ýmsar aðgerðir sem ætlað er að minnka enn frekar áhættuna á að smit berist inn í landið. Mikilvægt er að öðlast reynslu af því fyrirkomulagi ekki síst í ljósi aukningar í fjölda ferðamanna sem hingað koma.

Með þeim takmörkunum innanlands sem gilt hafa frá 15. apríl sl. þá hefur tekist nokkuð vel að ná utan um hópsýkingar undanfarinna vikna með öflugri smitrakningu. Sl. 3 daga hafa 10 greinst innanlands og allir verið í sóttkví.

Þó að vel hafi gengið að halda faraldrinum í skefjum hér að undanfögnu þá tel ég ráðlegt að fara varlega í allar afléttingar á takmörkunum innanlands þannig að ekki komi bakslag í útbreiðslu sýkinga. Hins vegar eru, að öllum líkindum, allar forsendur til þess að hægt verði að ráðast í frekari afléttingar á komandi vikum.

**Ég legg því til að til að núverandi reglugerðir um takmarkanir innanlands (nr. 404/2021) og takmarkanir á skólastarfi (nr. 405/2021) munu gilda áfram frá 6. maí n.k. í 1-2 vikur.**